

5. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996, 10. gr. laga nr. 123/1993 og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 13/1996 og öðlast þegar gildi.

8. janúar 1999.

*Fjármálaeftirlitið,***Páll Gunnar Pálsson.****Ragnar Hafliðason.****REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um holræsagjöld
í Hafnarfirði nr. 507/1975, sbr. reglugerð nr. 659/1994.**

1. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 659/1994,

Af öllum fasteignum, sem greiða ber af holræsagjald skv. 1. mgr., skal greiða holræsagjald sem nemur allt að 0,20% af heildarfasteignamati eignarinnar, þ.e. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. janúar 1999.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Þórhallur Vilhjálmsson.
SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur
og Hákonar Jónssonar.**

1. gr.

Minningarsjóður hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar, fyrrum ábúenda á Hnjóti í Örlygshöfn, er stofnaður af syni þeirra Guðmundi Jóni Hákonarsyni, kt. 110110-4219, Böllum 6 á Patreksfirði, sem áður var búsettur á Hnjóti. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Patreksfirði, Vesturbyggð.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er líkningarstarfsemi innan Vesturbyggðar í V-Barðastrandarsýslu eða innan V-Barðastrandarsýslu verði sveitarfélögin í sýslunni gerð að einu sveitarfélagi. Skulu styrkir úr sjóðnum veittir sem hér segir:

- 1) Til fátækra fjölskyldna eða einstaklinga þar sem fátækt stafar af örorku eða ill- eða ólæknandi sjúkdómi.
- 2) Til munaðarlausra barna sem ekki njóta öruggar framfærslu.